

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 28. maí 2026.

Mál nr. 260/2025:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

gegn

A

(Jónas Þór Jónasson lögmaður)

Lykilorð

Varanleg örorka. Fyrirvari. Örorkumat. Örorka. Tómlæti. Upplýsingaskylda. Miski. Matsgerð.

Útdráttur

Ágreiningur reis um bótaskyldu S hf. vegna vinnuslyss sem I varð fyrir í nóvember 2017. Leyst var endanlega úr þeirri deilu í júní 2022 þegar Landsréttur staðfesti dóm héraðsdóms þar sem viðurkenndur var bótaréttur I. Í álitni örorkunefndar á afleiðingum slyssins var líkamstjón I metið meira en í matsgerð sem aðilar höfðu áður aflað sameiginlega. S hf. hafnaði greiðslu frekari bóta og vísaði til ákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar sem kvað á um að undantekningarlaust skyldi meta tjón innan þriggja ára frá slysdegi, auk þess sem frestir sem I höfðu verið veittir umfram nefnd tímamörk hefðu verið liðnir þegar álit örorkunefndar lá fyrir. Með hliðsjón af atvikum máls og í ljósi þess að S hf. hafði ítrekað veitt I frest í því skyni að afla örorkumats mátti hann með réttu hafa væntingar um að S hf. tilkynnti honum þegar fyrir lá að I hygðist afla álits örorkunefndar að frekari frestir yrðu ekki veittir. Taldi Landsréttur að tómlæti S hf. leiddi til þess að félagið gæti ekki borið ákvæði skilmálans fyrir sig, enda hefði I gert skýran og afdráttarlausan fyrirvara um gildi hans við uppgjör bóta. Hinn áfrýjaði dómur var því staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramir Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir og Ríkarður Sigfússon bæklunarskurðlæknir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 3. apríl 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 2025 í málinu nr. E-[...]/2024.
- Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Atvikum máls er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar er rakið varð stefndi fyrir slysi í nóvember 2017. Með dómi héraðsdóms 5. mars 2021 var fallist á kröfu stefnda um viðurkenningu á bótaskyldu áfrýjanda vegna slyssins og var sá dómur staðfestur með dómi Landsréttar 16. júní 2022 í máli nr. 210/2021. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu öfluðu aðilar sameiginlega mats á líkamstjóni stefnda vegna slyssins og lá matsgerð B lækni og C lögmanns fyrir 28. apríl 2023. Samkvæmt því mati nam varanlegur miski stefnanda samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 5 stigum, en varanleg örorka samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga 7%. Stefndi tók við greiðslu úr hendi áfrýjanda á grundvelli matsins 22. maí 2023. Stefndi taldi afleiðingar slyssins vanmetnar í matsgerðinni bæði hvað varðaði varanlega örorku og miska og áskildi sér, með fyrirvara við móttöku bótagreiðslunnar, rétt til að afla endurmats örorkunefndar og/eða dómkvaddra matsmanna og krefjast frekari bóta á grundvelli þess, óháð ákvæðum váttryggingaskilmála um frest til mats eða endurmats. Áfrýjandi hafnaði greiðslu frekari bóta á grundvelli ákvæðis í c-lið 4. mgr. 6. gr. í váttryggingaskilmálum áðurnefndrar tryggingar en stefndi byggir á því að sá fyrirvari sem hann gerði við uppgjör bóta veiti honum rétt til frekari bóta á grundvelli niðurstöðu örorkunefndar um tjón hans. Í nefndum skilmála er meðal annars kveðið á um að undantekningarlaust skuli meta örorku í síðasta lagi þremur árum eftir slys.
- 5 Í fyrirliggjandi dómum Hæstaréttar sem varða þýðingu umdeilds ákvæðis í váttryggingaskilmálum áfrýjanda hefur ekki verið fallist á sjónarmið þeirra tjonþola sem hafa freistað þess að fá viðurkenndan bótarétt á grundvelli mats á afleiðingum slyss sem gert hefur verið að liðnum þremur árum frá slysdegi, svo sem segir að undantekningarlaust skuli gera í umdeildum skilmála. Vísast í því efni til dóms Hæstaréttar 8. febrúar 2023 í máli nr. 36/2022 og þeirra dóma sem þar er vísað til um gildi samhljóða skilmála annarra váttrygginga.
- 6 Við mat á gildi skilmálans gagnvart stefnda verður að líta heildstætt til atvika máls sem eru allfrábrugðin málsatvikum í framangreindum dómum. Er þess fyrst að gæta að áfrýjandi hafnaði í upphafi bótakröfu stefnda og breyttist sú afstaða hans ekki fyrr en að genginni ákvörðun Hæstaréttar 19. september 2022 sem hafnaði beiðni hans um áfrýjun framangreinds dóms Landsréttar í máli nr. 210/2021, sem staðfest hafði niðurstöðu héraðsdóms um bótaskyldu áfrýjanda. Þá veitti áfrýjandi stefnda ítrekað frest umfram þau tímamörk sem ákvæðið kveður á um, fyrst á meðan leyst var úr ágreiningi um bótaskyldu hans og síðar til að unnt væri að afla örorkumats. Fyrst var frestur veittur í nóvember 2020 til ársloka 2021 sem síðan var framlengdur til ársloka 2022, þá til maí 2023 og loks til ársloka 2023. Matsgerðar sem aðilar stóðu sameiginlega að var aflað 28. apríl 2023, það er innan þess frests sem áfrýjandi hafði veitt í þessu skyni. Stefndi leitaði álits örorkunefndar á grundvelli 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga 21. júní sama ár, innan við mánuði eftir að hann tók við bótum frá áfrýjanda, svo sem tölvupóstur lögmanns hans, sem lagður hefur verið fram fyrir Landsrétti, ber með sér. Lögmaður áfrýjanda lýsti því yfir við aðalmeðferð málsins

fyrir Landsrétti að ekki væri ágreiningur um að nefndinni hefði borist beiðnin á þeim degi þótt í álitargerð örorkunefndar segi að beiðni stefnda hafi borist nefndinni 12. febrúar 2024. Þegar stefndi óskaði álitis örorkunefndar var enn liðlega hálf tít ár þar til fresturinn sem áfrýjandi hafði veitt rann út og gat stefndi vænst þess að niðurstaða nefndarinnar lægi fyrir innan þess tíma. Svo fór þó ekki og lá álitargerð nefndarinnar ekki fyrir fyrr en 10. apríl 2024.

- 7 Af því sem rakið hefur verið má ráða að tafir á rekstri málsins voru ekki vegna atvika sem stefndi getur borið ábyrgð á heldur má fyrst og fremst rekja tafirnar annars vegar til upphaflegrar afstöðu áfrýjanda til bótaskyldu gagnvart stefnda og hins vegar þess tíma sem það tók örorkunefnd að ljúka máli hans. Í ljósi þess að áfrýjandi hafði ítrekað veitt stefnda frest í því skyni að afla örorkumats, sem og því að áfrýjandi hafði verið tilkynnt um beiðni stefnda um álit örorkunefndar, mátti stefndi með réttu hafa væntingar um að áfrýjandi tilkynnti honum án tafa ef hann hygðist ekki veita stefnda frekari frest yrði mat örorkunefndar ekki lokið fyrir árslok 2023. Meta verður þetta tómlæti af hálfu áfrýjanda með hliðsjón af stöðu hans og ríkri upplýsingaskyldu sem víða er að finna í lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum 12. gr. b og 2. mgr. 44. gr. laganna, sem og reglum nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana.
- 8 Þegar allt framangreint er virt verður ekki talið að áfrýjanda sé unnt að bera fyrir sig gagnvart stefnda ákvæði í tryggingaskilmálum um tímafresti til að afla endurmats á afleiðingum slyssins, enda gerði stefndi skýran og afdráttarlausan fyrirvara við uppgjör bóta, þar á meðal um gildi tímafrests í skilmálum tryggingarinnar, sem eins og áður er getið sættu hvorki athugasemdum né andmælum af hálfu áfrýjanda.
- 9 Varðandi mat á afleiðingum líkamstjóns stefnda liggja fyrir í málinu tvö sérfræðileg álit þar sem komist var að ólíkum niðurstöðum um miska og örorkustig hans. Annars vegar matsgerð B læknis og C lögmanns 28. apríl 2023, sem aðilar öfluðu sameiginlega, og hins vegar álitargerð örorkunefndar 10. apríl 2024, sem stefndi óskaði eftir. Kemur það í hlut dómstóla að skera úr um sönnunargildi þessara gagna sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest sú niðurstaða hans að leggja beri álit örorkunefndar til grundvallar um umfang miska og örorku stefnda.
- 10 Með framangreindum röksemdum verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms.
- 11 Áfrýjandi greiði stefnda áfrýjunarkostnað fyrir Landsrétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnda, A, 900.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 2025

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Mál þetta, sem dómtekið var 13. febrúar sl., var höfðað 28. ágúst 2024 af A, [...], [...], gegn Sjóvá-
Almennum tryggingum hf., [...].
2. Stefnandi krefst greiðslu 12.729.298 króna, með 4,5% vöxtum frá 28. ágúst 2020 til 24. maí 2024, en með
dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags úr hendi stefnda. Þá krefst
stefnandi málskostnaðar að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
3. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda
málskostnað.

Helstu málsatvik

4. Stefnandi var sjómaður á togaranum [...] í nóvember 2017. Útgerð togarans var með gilda
áhafnartryggingu fiskimanna hjá stefnda. Stefnandi varð fyrir slysi við störf um borð í skipinu 19.
nóvember 2017. Stefndi hafnaði bótaskyldu vegna þess og fór því svo að 20. maí 2020 höfðaði stefnandi
mál á hendur stefnda til viðurkenningar á bótaskyldu vegna slyssins. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á
það með stefnanda, með dómi 5. mars 2021, að stefndi væri bótaskyldur vegna slyssins og var sá dómur
staðfestur með dómi Landsréttar 16. júní 2022 í máli nr. 210/2021. Stefndi leitaði eftir áfrýjunarleyfi til
Hæstaréttar en þeirri beiðni var hafnað 19. september 2022.
5. Meðan framangreint dómsmál stefnanda var til meðferðar hjá dómstólum leitaði stefnandi eftir því við
stefnda að frestur samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingar til að láta örorkumat fara fram yrði
framlengdur. Samkvæmt framlögðum gögnum varð samkomulag með málsaðilum um það fyrst 26.
nóvember 2020, en þá samþykkti stefndi frest í þessu skyni til áramóta 2021/2022. Síðar féllst stefndi á
viðbótarfrest í þessu skyni til áramóta 2022/2023. Þá liggja fyrir í málinu svör tveggja starfsmanna stefnda
við beiðni stefnanda um enn frekari frest til mats, annars vegar fram í maí 2023, og hins vegar til áramóta
2023/2024.
6. Málsaðilar leituðu sameiginlega mats B læknis og C hrl. á afleiðingum líkamstjóns stefnda vegna slyssins
11. janúar 2023, og lá mat þeirra fyrir 28. apríl 2023. Samkvæmt því mati nam varanlegur miski stefnanda
skv. 4. gr. skaðabótalaga 5 stigum, en varanleg örorka skv. 5. gr. skaðabótalaga 7%.
7. Uppgjör á grundvelli þess mats fór fram 22. maí 2023. Stefnandi tók við þeim bótum sem þá voru greiddar
vegna slyssins, með fyrirvara um rétt til frekari bóta, ef varanleg örorka og/eða miski yrði síðar metinn
hærri en samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, án þess að uppfylla þyrfti skilyrði 11. gr. skaðabótalaga, en
stefnandi teldi varanlegar afleiðingar slyssins meiri en framkomið mat gerði ráð fyrir og áskildi sér rétt til
að afla endurmats örorkunefndar og/eða dómkvaddra matsmanna og krefjast frekari bóta á grundvelli þess,
óháð ákvæðum váttryggingarskilmála um frest til mats eða endurmats. Jafnframt var gerður fyrirvari við
fjárhæð lögmannsbókunar.
8. Stefndi greiddi stefnanda tjónabætur samkvæmt fyrirbyggjandi mati 30. maí 2023 og greiðslunni fylgdi sú
skýring að með henni væri lokið öllum kröfum á hendur félaginu og váttryggingartaka vegna slyssins.
Sömuleiðis sagði þar að lögmaður tjónþola gerði fyrirvara við mat á afleiðingum slyssins og fjárhæð bóta
vegna lögmannskostnaðar.
9. Stefnandi leitaði álits örorkunefndar á afleiðingum slyssins með bréfi, dags. 21. júní 2023. Álit
nefndarinnar, í máli nr. [...], lá fyrir [...] apríl 2024, og mat örorkunefnd þá varanlegan miska stefnanda
vegna afleiðinga slyssins 7 stig, en varanlega örorku 20%.
10. Stefnandi setti fram kröfu um greiðslu á grundvelli mats örorkunefndar með bréfi, dags. 24. apríl 2024,
sem stefndi hafnaði 21. maí 2024 með vísan til ákvæðis 6. gr. skilmála slysatryggingar sjómanna um frest
til að afla mats, sem ekki yrði lengri en þrjú ár frá slysdegi. Þessu vill stefnandi ekki una og hefur af þeim
sökum höfðað mál þetta.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

11. Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum bætur vegna afleiðinga slyssins 19. nóvember 2017 í samræmi við álitserð örorkunefndar frá 10. apríl 2024.
12. Byggir stefnandi á því að hann hafi gert skýran og ótvíræðan fyrirvara við bótauppgjörið 26. maí 2023, um heimild sína til að afla endurmats á afleiðingum slyssins óháð ákvæðum vátryggingarskilmála um frest til mats eða endurmats. Stefnandi hafi í kjölfar þess greitt bætur á grundvelli uppgjörsins athugasemdalaust og samþykkt þannig í verki gildi fyrirvarans. Þá hafi stefnandi, innan við mánuði eftir uppgjörið, óskað eftir álitni örorkunefndar á afleiðingum slyssins og þannig nýtt sér, án nokkurs dráttar, þann rétt „sem hann hafði áskilið sér með fyrirvaranum. Stefnandi hafi engum athugasemdum hreyft við því.
13. Þá hafi stefnandi ekki borið því við að álit örorkunefndar sé haldið einhverjum þeim ágöllum sem leiði til þess að uppgjör verði ekki á því byggt. Í tölvupóstum stefnda, þar sem bótakröfu stefnanda á grundvelli álitni örorkunefndar var hafnað, hafi stefnandi einungis byggt á því að frestur til öflunar örorkumats samkvæmt skilmála væri liðinn. Vísaði stefnandi þar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 36/2022 til stuðnings þeirri afstöðu félagsins að fyrirvari við bótauppgjör gæti ekki vikið til hliðar þessu ákvæði skilmálans. En í því máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að fyrirvarinn sem þar var um deilt hefði ekki verið nægilega afdráttarlaus, enda hefði hann ekki vísað til vátryggingarskilmálans sérstaklega.
14. Stefnandi byggir á því, með vísan til framangreindar niðurstöðu Hæstaréttar, að ekkert sé því til fyrirstöðu að tjónþoli áskilji sér rýmri tímafrest til öflunar örorkumats en fram kemur í vátryggingarskilmála, enda sé það tilgreint með beinum og skýrum hætti í fyrirvaranum. Áritun stefnanda á bótatilboðið 26. maí 2023 hafi tiltekið með skýrum hætti að stefnandi áskildi sér víðtækari rétt en samkvæmt vátryggingarskilmála hvað varðaði tímafresti til mats og endurmats.
15. Stefnandi vísar til þess að í dómaframkvæmd hafi því ítrekað verið slegið föstu að fyrirvari, sem gerður er við uppgjör bóta, bindi báða aðila og hafi gildi þeirra í milli, um þau atriði sem fyrirvarinn tekur til, enda sé hann nægilega skýr og ótvíræður. Nefnir stefnandi í því sambandi dóma Hæstaréttar í málum nr. 300/2006 frá 18. janúar 2007 og nr. 107/2017 frá 1. mars 2018, þar sem Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að tjónþoli hefði með nægjanlega skýrum hætti áskilið sér rýmri rétt til endurmats en leiddi af 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi byggir á því að sama gildi um lög og vátryggingarskilmála að þessu leyti. Þá telur stefnandi vandséð að hægt sé að gera skýrari fyrirvara, en þann sem hann gerði við títtnefnt uppgjör 26. maí 2023, um rétt sinn til öflunar endurmats „óháð ákvæðum vátryggingarskilmála um frest til mats eða endurmats“.
16. Þá byggir stefnandi á því að gildi slíks fyrirvara sé ekki háð samþykki gagnaðila, sbr. sérstaklega dóm Hæstaréttar í máli nr. 300/2006. Hins vegar liggja fyrir að stefnandi andmælti ekki fyrirvara stefnanda og gerði engar athugasemdir við efni hans, hvorki við uppgjörið né þegar matsbeiðni var send til örorkunefndar. Stefnandi geti því ekki borið það fyrir sig löngu síðar að hann sé óbundinn af fyrirvaranum, eftir að stefnandi hefur í góðri trú stofnað til kostnaðar við endurmat, enda verði allar slíkar mótbáru að koma fram án ástæðulauss dráttar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 14. desember 2022 í máli nr. 27/2022. Algert tómlæti stefnda í þessum efnunum hafi ekki gefið stefnanda tilefni til að ætla annað en að hann gæti byggt frekari bótakröfu á mati örorkunefndar þrátt fyrir að sá tímafrestur sem tilgreindur var í vátryggingarskilmála væri liðinn.
17. Þá byggir stefnandi á því að stefnda sé óheimilt að bera fyrir sig umrætt ákvæði vátryggingarskilmálans, enda sé það með öllu ósanngjarnt eins og atvikum málsins sé háttað. Verði því að víkja ákvæðinu til hliðar, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsveð, umboð og ógilda löggæringa. Stefnandi hafnaði bótaskyldu vegna slyss stefnanda 19. júní 2018, sjö mánuðum eftir slysdag. Stefnandi kvartaði þá fyrst til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og höfðaði síðar dómsmál, til viðurkenningar á bótaskyldu stefnda. Endanleg dómniðurstaða lá ekki fyrir fyrir en í september 2022, þegar Hæstiréttur hafnaði beiðni stefnda um áfrýjunarleyfi, en þá voru tæp fimm ár liðin frá slysi. Sú krafa verður ekki gerð til tjónþola að hann afli mats á afleiðingum slyss, hvað þá endurmats með tilheyrandi kostnaði, meðan ágreiningur stendur um bótaskyldu. Stefnandi telur því bersýnilega ósanngjarnt að stefnandi fái að bera það fyrir sig að frestur til öflunar mats á afleiðingum slyss, sem settur er einhliða af félaginu í vátryggingarskilmála, líði samtímis því að ágreiningur um bótaskyldu er til úrlausnar hjá dómstólum. Undir þeim kringumstæðum verður að

veita tjónþola tilhlýðilegan frest til að afla mats, og eftir atvikum endurmats, eftir að dómsniðurstaða liggur fyrir.

18. Gagnaöflun og mat utan réttar fór fram eins skjótt og hægt var í máli stefnanda, að fenginni endanlegri niðurstöðu dómstóla um bótaskyldu, en stefnandi óskaði síðan tafarlaust eftir álitni örorkunefndar að fyrsta uppgjöri loknu. Ómögulegt sé að beita skilmálum stefnda undir þessum kringumstæðum, án þess að það girði með öllu fyrir rétt tjónþola til að afla sönnunar um tjón sitt og setja fram bótakröfu á grundvelli hennar.
19. Með vísan til alls framangreinds gerir stefnandi þá kröfu að stefnda verði gert að ganga til uppgjors, á grundvelli niðurstöðu álitargerðar örorkunefndar, dags. 10. apríl 2024.
20. Kröfufjárhæðin byggist að öðru leyti en hvað matsniðurstöðuna varðar á öllum sömu forsendum og lagðar voru til grundvallar við bótauppgjör aðila 26. maí 2023, en um þær forsendur var enginn ágreiningur milli aðila.
21. Krafa stefnanda sundurliðast á eftirgreindan hátt:

„*Varanlegur miski — 2 stig*

Grunnfjárhæð 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, uppreiknuð í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laganna, til maí 2024, nemur kr. 14.927.500.-

Krafa um bætur vegna 2 stiga varanlegs miska nemur þá kr. 298.550.-

Varanleg örorka — 13%

Aldursstuðull stefnanda á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við, sbr. 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga er 7,817. Tekjuviðmið stefnanda tekur mið af 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Sú fjárhæð uppreiknuð í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laganna til júlí 2018, þegar stöðugleika var náð, nemur kr. 12.231.718.-

Krafa um bætur vegna 13% varanlegrar örorku, reiknast þá úr frá eftirfarandi forsendum: 12.231.718 * 13% * 7,817 og nemur kr. 12.430.748.-

Krafist er 4,5% vaxta í samræmi við 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 28. ágúst 2020, fjórum árum fyrir birtingu stefnu í þessu máli, en ætla má að eldri vextir séu fyrndir. Þá er krafist dráttarvaxta frá 24. maí 2024, mánuði eftir að stefnandi krafði stefnda um greiðslu bóta á grundvelli álitargerðar örorkunefndar, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001“

22. Um lagatilvísanir vísar stefnandi til ákvæða laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, gildandi váttryggingarskilmála, sem og skaðabótalaga nr. 50/1993, með áorðnum breytingum. Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Um vaxtakröfur vísast til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

23. Stefndi byggir á því að stefnandi eigi ekki rétt til frekari váttryggingarbóta úr áhafnartryggingu fiskimanna, sem útgerð togarans hafði keypt hjá stefnda og var í gildi á slysdegi. Er öllum málsástæðum stefnanda mótmælt.
24. Af hálfu stefnda er til þess vísað að slysatrygging sjómanna sé einn þáttur áhafnartryggingarinnar, sbr. kafla B í váttryggingarskilmálum. Á grundvelli 6. gr. þeirrar tryggingar skulu m.a. greiðast bætur vegna varanlegs líkamstjóns. Í nefndri 6. gr. skilmálans segi eftirfarandi, orðrétt: „Valdi slys þeim, sem tryggður er, varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því, að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar, sem var í gildi á slysdegi. [...] Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgt eftirfarandi reglum: [...] b. Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið, að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess, að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. c. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunni að breytast,

skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun, og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að ganga undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkustigs að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.“

25. Stefndi vísar til þess að slys stefnanda hafi átt sér stað 19. nóvember 2017 og þrjú ár séu því liðin frá slysdegi 19. nóvember 2020. Stefna í fyrra máli aðila hafi verið birt 20. maí 2020 á hendur stefnda og á þeim tíma hafi stefndi fallist á að framlengja matsfrest skv. skilmála áhafnartryggingar samkvæmt beiðni til áramóta 2023/2024 þar sem beiðni var matsgerðar þeirra B lækni og C lögmans sem aðilar óskuðu sameiginlega eftir.
26. Ágreiningur málsins nú lúti að kröfu stefnanda í málinu um viðbótarbætur, en hún byggist á álitni örorkunefndar sem aflað hafi verið rúmunum þremur árum eftir að fresturinn í skilmála áhafnartryggingar til þess að láta örorkumat fara fram rann út. Á grundvelli framangreinds sé frekari bótaréttur stefnanda niður fallinn. Stefndi vísar til dómaframlengingar Hæstaréttar þar sem staðfest hefur verið að skilmálar um tímafresti af þessu tagi séu sanngjarnir og eðlilegir í slysatryggingum á Íslandi, sbr. t.d. Hæstaréttarmál nr. 22/2004, 604/2017 og 36/2022. Þá hafi íslenskir dómstólar einnig komist að niðurstöðu um að váttryggingafélög hafi af því réttmæta hagsmuni að mæla í skilmálum sínum fyrir um þá tímafresti sem tjónþolar hafa til að afla sér sönnunar um varanlegar afleiðingar slyss. Hafi þriggja ára frestur verið talinn raunhæfur í tilviki slysatrygginga, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í málum nr. 604/2017 og 36/2022.
27. Af framansögðu kveður stefndi ljóst að bótakrafa stefnanda hafi borist stefnda ásamt álitssgerð örorkunefndar að loknum matsfresti, eða 24. apríl 2024. Stefnda sé því heimilt að bera fyrir sig ákvæði váttryggingarskilmálans og því sé alfarið hafnað að víkja beri ákvæðinu til hliðar eins og stefnandi byggir á. Stefnandi eigi því ekki rétt til frekari váttryggingarbóta úr áhafnartryggingu fiskimanna hjá stefnda.
28. Þá er því alfarið hafnað af hálfu stefnda að einhliða fyrirvari við undirritun bóatilboðs, eftir að matsfrestur var með réttu liðinn, geti vikið skýru skilmálaákvæði til hliðar, eins og stefnandi heldur fram. Vegna dómsmáls stefnanda hafði stefndi samþykkt að framlengja matsfrest þar sem matsferli var þegar hafð, eins og áður segir.
29. Fyrir liggur að stefndi hafði ekki fallist á með neinum hætti að víkja skilmálaákvæðinu til hliðar og telur stefndi að engu skipti orðalag einhliða fyrirvara í þeim efnum en fyrir slíku beri stefnandi sönnunarbyrði. Því er þannig alfarið hafnað að stefndi hafi samþykkt með athöfnum eða athafnaleysi að víkja frá skýru skilmálaákvæði.
30. Stefndi byggir á því að frekari framlenging á matsfresti en til áramóta 2023/2024 hafi ekki verið samþykkt af hálfu stefnda og þess sé hvergi getið að skylda hafi hvílt á stefnda að lýsa því sérstaklega yfir að eigin frumkvæði að hann muni bera fyrir sig skýrt ákvæði í skilmála áhafnartryggingarinnar, eins og stefnandi byggir á. Einhliða fyrirvari stefnanda í uppgjöri við orðalag skilmálaákvæðis stefnda gefi ekki sérstakt tilefni til viðbragða af hálfu stefnda, sama hvert orðalag hans kann að vera. Ekkert samkomulag hafi því legið fyrir milli aðila um að víkja frá skýru orðalagi skilmála þeirrar slysatryggingar sem stefnandi byggir rétt sinn á, enda framlenging á matsfresti veitt tímabundið skv. beiðni hverju sinni.
31. Þá vísar stefndi til uppgjörskvittunar stefnda skv. upprunalegu mati, sem lögmaður stefnanda hafi fengið senda. Þar hafi komið fram að með þeirri greiðslu væri lokið öllum kröfum á hendur félaginu og váttryggingartaka vegna slyssins. Það liggja því fyrir að stefndi hafi fengið greiddar bætur á grundvelli uppgjörsins með framangreindri athugasemd sem er skýr og ótvíræð. Stefnandi hafi engar athugasemdir við umrædda uppgjörskvittun.
32. Þá hafi lögmaður stefnanda engan reka gert að því að óska eftir framlengingu á matsfresti um áramótin 2023/2024 en ljóst sé að honum hafi verið fullkunnugt um að stefndi hefði aðeins samþykkt að framlengja matsfrest til þess tíma. Bótakrafa byggð á álitni örorkunefndar var send stefnda 24. apríl 2024 og hafi þeirri kröfu verið hafnað af stefnda með vísan til áður tilvitnaðra ákvæða í skilmála áhafnartryggingarinnar.
33. Þá kveður stefndi að líta verði til þess að stefnandi hafi notið sérfræðiaðstoðar hjá lögmanni sem sérhæfir sig í bótamálum vegna slysa á sjómönnum. Honum hafi verið fullkunnugt um matsfrest samkvæmt

skilmálaákvæðum og hvernig þeim hefur verið beitt í framkvæmd enda hefur sams konar ákvæði lengi verið að finna í skilmálum slysáttrygginga allra váttryggingafélaga hér á landi.

34. Stefndi telur að gera verði þá eðlilegu kröfu að lögmenn tjónþola kynni sér skilmála viðkomandi váttryggingar og leiti eftir skýrri afstöðu stefnda, áður en ráðist er í kostnað við öflun matsgerðar eftir að ljóst er að matsfrestur skv. skilmála tryggingar er löngu liðinn. Geri lögmenn það ekki verði afleiðingum þeirrar yfirsjórnar ekki velt yfir á stefnda. Því er þannig alfarið mótmælt að stefnandi hafi í góðri trú stofnað til kostnaðar við endurmat.
35. Stefndi hafi uppfyllt allar þær kröfur sem gerðar verði til hans um upplýsingaskyldu og hafi enga ástæðu haft til að áréttta sérstaklega við lögmenn stefnanda að skilmálar váttryggingarinnar giltu. Þá er því mótmælt að stefndi hafi á nokkurn hátt sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að réttlætlanlegt sé að víkja skýru skilmálaákvæði til hliðar. Því er þannig alfarið hafnað að víkja verði skýru ákvæði váttryggingarskilmálans til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.
36. Þá ber þess einnig að geta að ef fallist verður á að umræddur einhliða fyrirvari af hálfu stefnanda við undirritun bótauppgjör s ætti að hafa slíkt vægi að hann geti vikið til hliðar skýru ákvæði skilmála stefnda væri með því verið að kollvarpa gildi skilmála tryggingafélaga ef aðili getur einhliða mótmælt gildi þeirra. Eðli máls samkvæmt geti slíkt hreinlega ekki gengið í framkvæmd. Slík túlkun myndi m.a. gera tryggingafélögum erfitt fyrir að bera við tímafresti í váttryggingarskilmálum sínum sem íslenskir dómstólar hafa komist að niðurstöðu um að séu bæði sanngjarnir og eðlilegir.
37. Stefndi telur það ganga gegn dómaframkvæmd hér á landi, þar sem íslenskir dómstólar hafi komist að þeirri niðurstöðu að váttryggingafélög hafi af því réttmæta hagsmuni að mæla fyrir um tímafresti. Ef einhliða fyrirvarar tjónþola við uppgjör færu að víkja skýru skilmálaákvæði þyrftu váttryggingafélög þar með að sitja undir því að tímamörk endurmats væru ótakmörkuð þrátt fyrir skilmálaákvæði. Stefndi telur því ljóst að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda.
38. Verði ekki fallist á að fresturinn til þess að láta örorkumat fara fram, samkvæmt skilmálum áhafnartryggingar fiskimanna, hafi verið liðinn telur stefndi einsýnt að álitserð örorkunefndar verði ekki lögð til grundvallar uppgjóri váttryggingarbóta þar sem hún sé ekki nægilega rökstudd og telur stefndi tjón stefnanda ofmetið. Matsgerð sú sem liggur fyrir í málinu á dómshjalli 3 og aðilar komu sér saman um að óska eftir í janúar 2023 er mun ítarlegri og vandaðri en álitserð örorkunefndar og hefur meira sönnunargildi.
39. Í álitserð örorkunefndar er t.a.m. ekki vísað í miskatöflu örorkunefndar og með engu rökstutt á hverju mat nefndarinnar um 7 stiga varanlegan miska stefnanda er byggt. Þá er heldur ekki litið til tjónstakmörkunarskyldu stefnanda við mat nefndarinnar á varanlegri örorku eða litið til þess að önnur atriði en áverki á hné stefnanda geti átt þátt í því að skerða getu hans til sjómannsstarfa.
40. Að framangreindu virtu telur stefndi fullljóst að byggja eigi á matsgerð B lækni og C lögmans frá 28. apríl 2023 við uppgjör váttryggingarbóta fyrir stefnanda, eins og hafi verið gert, og telur stefndi því að stefnandi hafi nú þegar fengið tjón sitt að fullu bætt. Stefndi telur því ljóst að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda.
41. Um lagarök vísar stefndi til váttryggingarskilmála stefnda um áhafnartryggingu fiskimanna skv. kjarasamningi. Enn fremur vísast til skaðabótalaga nr. 50/1993, laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og meginreglna váttrygginga- og skaðabótaréttar. Að auki er vísað til laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
42. Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála
43. Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur sem vitni matsmennirnir C og B, og D og E sem sæti eiga í örorkunefnd.

Niðurstaða

44. Aðalágreiningsefni máls þessa lýtur að gildi fyrirvara stefnanda við uppgjör slysabóta, og varðar frest til að afla matsgerðar um umfang tjóns. Þ.e. hvort sá fyrirvari sem stefnandi gerði við uppgjórið fái hnekktt ákvæðum skilmála slysáttryggingar sjómanna sem kveður á um að mat eða endurmat skuli fara fram innan

þriggja ára frá tjónsdegi. En ágreiningslaust er að stefndi er bótaskyldur vegna þess tjóns sem stefnandi varð fyrir við störf sín um borð í [...] hinn 19. nóvember 2017.

45. Tryggingin sem um ræðir er áhafnartrygging fiskimanna. Þ.e. ábyrgðartrygging útgerðarmanns, sem tryggir bæði váttryggingartaka og launþega í þjónustu hans. Tryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan, þ.e. útgerðina, eftir íslenskum réttarreglum og rakin verður til skyndilegs óvænts atburðar vegna t.d. slysa. Í skilmálum tryggingarinnar, sem liggja fyrir í málinu, kemur fram að um tryggingu skv. kjarasamningi sé að ræða, og um hana gildi lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og að um ákvörðun bóta vegna slyss þess sem tryggður er skuli fara eftir ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Í skilmálum tryggingarinnar er einnig sérstaklega vísað til 172. gr. siglingalaga nr. 34/1975, er kveður á um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns vegna lífs- og líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skipsrúm hjá honum, sem og skyldu útgerðarmanns til að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla.
46. Til framangreinds ákvæðis 172. gr. siglingalaga nr. 34/1975, úrskurðar gerðardóms í deilu sjómanna og útvegsmanna frá 30. júní 2001 og ákvæðis 72. gr. stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944, var vísað af hálfu stefnanda í málflutningi, án þess að það sætti andmælum af hálfu stefnda, sem fyrir sitt leyti vísaði einnig í ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1975 um skilmála og inntak tryggingarinnar sem um ræðir. En í nefndum gerðardómi frá 2001 var kveðið á um skyldu útgerðar til að tryggja sjómenn í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1975.
47. Slys stefnanda átti sér stað 19. nóvember 2017. Hinn skilmálabundni þriggja ára frestur til mats var því liðinn 19. nóvember 2020, en eins og rakið hefur verið hafði stefndi þá veitt stefnanda viðbótarfrest til að afla mats á afleiðingum slyssins. Sömuleiðis liggur fyrir að ágreiningur var með aðilum um bótaskyldu stefnda vegna slyssins, og að endanleg niðurstaða þeirrar þrætu lá fyrst fyrir 19. september 2022, er Hæstiréttur hafnaði beiðni stefnda um áfrýjunarleyfi dóms Landsréttar frá 16. júní s.á., í máli nr. L-210/2021, þar sem bótaskylda stefnda var viðurkennd. Matsgerð sem matsaðilar öfluðu sameiginlega lá því ekki fyrir fyrr en 28. apríl 2023. Þær tafir sem þá höfðu orðið á því að mat á afleiðingum slyssins færi fram geta því ekki talist á ábyrgð stefnanda.
48. Í dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að tjónþoli geti gert fyrirvara við bótauppgjör þannig að hann njóti rýmri réttar til bótaákvörðunar en leiðir af 11. gr. skaðabótalaga, að því tilskildu að slíkur fyrirvari sé skýr og ótvíræður, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 27/2022, frá 14. desember 2022 og í máli nr. 21/2021 frá 11. nóvember 2021. Með því að tjónþolum hefur verið játaður slíkur réttur að uppfylltum tilteknum skilyrðum verður ekki litið svo á að samþykki gagnaðila þurfi til. Málsástæðum stefnda um að samþykki gagnaðila þurfi til að fyrirvari fái staðist verður því hafnað.
49. Stefnandi ritaði undir uppgjör á grundvelli framangreinds mats 22. maí 2023, með fyrirvara um rétt til frekari bóta ef varanleg örorka og/eða miski yrði síðar metin hærrí en með fyrirbyggjandi matsgerð, án þess að uppfylla þyrfti skilyrði 11. gr. skaðabótalaga, en stefnandi teldi varanlegar afleiðingar slyssins meiri en þar voru metnar og áskildi sér rétt til að afla endurmats örorkunefndar og/eða dómkvaddra matsmanna, óháð ákvæðum váttryggingarskilmála um frest til mats eða endurmats. Efni og orðalag fyrirvarans er með þeim hætti að engum vafa má vera undirorpið hvers efnis hann er eða hver tilgangur hans er. Það er að eiga kost á að fá endurskoðun á nánar tilgreindum afleiðingum slyssins sem hann varð fyrir, óháð tímatakmerkun skilmála tryggingarinnar. Verður því litið svo á að fyrirvari stefnanda hafi verið bæði skýr að efni til og ótvíræður.
50. Þegar framangreint uppgjör átti sér stað, í maí 2023, lá fyrir samþykki starfsmanns stefnda fyrir frekari fresti til handa stefnanda til að vinna mat á tjóni hans, til áramóta 2023/2024. Stefnandi óskaði áhlits örorkunefndar samkvæmt heimild til þess í 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, um það bil mánuði eftir framangreint uppgjör, með bréfi dags. 21. júní 2023, þ.e. innan þess frests sem honum hafði verið veittur til þess að afla viðbótarmats. Er enginn ágreiningur með aðilum um að stefnda var kunnugt um þá beiðni, en hreyfði þó engum andmælum við henni. Þá verður að ætla að stefnda hafi verið kunnugt um að málið væri til meðferðar hjá nefndinni, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um starfsháttu örorkunefndar nr. 335/1993, en samkvæmt því skal örorkunefnd kynna aðilum fram komna beiðni og gefa þeim kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og gögnum. Af áliti örorkunefndar verður hins vegar ráðið að stefndi hafi

hvorki nýtt sér framangreinda heimild né gert athugasemdir við að matið skyldi fara fram. Þá hefur stefndi ekki byggt á því í málinu að honum hafi verið ókunnugt um að óskað hefði verið álits örorkunefndar. Þá liggur fyrir að stefnandi óskaði eftir áliti örorkunefndar á matinu sem aflað hafði verið, eins og honum var heimilt skv. ákvæði 10. gr. skaðabótalaga, réttum mánuði eftir að uppgjör fór fram í maí 2023, þ.e. án tafa og innan þess frests sem honum hafði verið veittur í því skyni. Með hliðsjón af því að matsbeiðni var komin til nefndarinnar innan þess frests sem stefndi hafði þó veitt stefnanda til þess að afla mats eða endurmats verður ekki fallist á það með stefnda að frestur í þessu skyni hafi verið liðinn, eða stefndi hefði þurft að óska eftir frekari fresti. Stefnanda verði ekki gert að bera hallann af því að mat nefndarinnar hafi ekki legið fyrir innan veitts frests. Þá breytir það engu um mat í þessu efni að stefnandi hafi notið aðstoðar lögmanns í samskiptum við stefnda um bótauppgjörið.

51. Samkvæmt framansögðu liggur einnig fyrir að stefndi lét undir höfuð leggjast að andæfa þeim fyrirvara sem stefnandi gerði við uppgjörið í maí 2023. Sömuleiðis lét stefndi sig í engu varða þá staðreynd að stefnandi leitaði álits örorkunefndar. Með vísan til framanritaðs og atvika málsins, þess að stefndi hafi ítrekað haft tók á því að andmæla gildi þess fyrirvara sem stefnandi gerði við uppgjörið og síðar öflun mats fyrir frekara tjóni en ekki gert hefur stefndi sýnt af sér verulegt tómlæti.
52. Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnanda um þann aðstöðumun sem er með málsaðilum vísað til leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2002 um rétt tjónþola til bótagreiðslu með fyrirvara. Sætti sú tilvísun ekki andmælum af hálfu stefnda. Nefnd tilmæli hefur Fjármálaeftirlitið sett á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í þessum tilmælum er lögð áhersla á að váttryggjendur skuli ekki setja nein skilyrði fyrir greiðslu tjóns að hluta til, eins og að krefjast þess að tjónþoli falli frá frekari kröfum, einstökum bóталиðum eða fallist á lækkun þeirra, með vísan til yfirburðastöðu váttryggingafélaga í tengslum við bótauppgjör á grundvelli laga um váttryggingarsamninga.
53. Að virtum þeim aðstöðumun sem er með aðilum málsins og atvikum, því að langur tími leið meðan leyst var úr ágreiningi um bótaskyldu stefnda, tómlæti stefnda hvað varðar það að gefa upp afstöðu sína til frekara mats eða bera sérstaklega fyrir sig umrætt skilmálaákvæði, sem aukinheldur er samið af stefnda einhliða, verður fallist á það með stefnanda að skilyrði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 séu til staðar þannig að heimilt sé að víkja ákvæði b- og c-liðar 4. mgr. 6 gr. B-kafla váttryggingarskilmálans til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsveð, umboð og ógilda löggæringa. Ósanngjarnt verði að telja að stefndi fái borið fyrir sig ákvæði sem hann hefur sett einhliða og sá frestur sem þar er kveðið á um renni sitt skeið annars vegar meðan leyst er úr ágreiningi um bótaskyldu fyrir dómstólum eða beðið er mats örorkunefndar, eins í tilviki því sem hér um ræðir.
54. Stefndi byggir á því að álitsgerð örorkunefndar verði ekki lögð til grundvallar uppgjöri váttryggingarbóta, þar sem hún sé ekki nægilega rökstudd, og telur tjón stefnanda ofmetið. Matsgerð sú sem aðilar stóðu saman að sé mun ítarlegri og vandaðri og réttara að líta til hennar.
55. Stefndi hefur ekki hagnýtt sér heimild í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 til þess að æskja dómkvaðningar matsmanna til að hnekkja áliti örorkunefndar en stefnandi óskaði eftir áliti nefndarinnar í samræmi við 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem gerir sérstaklega ráð fyrir að unnt sé að bera undir nefndina fyrirbyggjandi mat eins og mat B og C.
56. Þrátt fyrir það telur dómurinn, sem meðal annarra er skipaður sérfróðum meðdómsmanni, bæklunarskurðlækni, nauðsynlegt að fjalla um það hvort núverkandi einkenni stefnanda séu til komin vegna slitgigtar eða liðþófarifu sem varð við slysið. Gögn málsins bera með sér að stefnandi hafði átt við ofþyngdarvandamál að etja lengi fyrir slysið 19. nóvember 2017. Stefnandi fann til verkja eftir slysið en gerði ekki mikið úr þeim og leitaði fyrst til læknis um sex vikum eftir atvikið. Hann gekkst undir speglunaraðgerð í apríl 2018 og í framlögðu vottorði um þá aðgerð kemur fram að litla brjóskskemmd hafi mátt sjá á brjóskfleti miðlæga hnjúkolls (condylus medialis), sem var þá hreinsuð. Stefnandi var í framhaldinu í meðferð hjá sjúkrahjálfa. Af framlögðum gögnum telur dómurinn sýnt að stefnandi hafi verið komin með slitgigtarbreytingar í vinstra hné áður en hann varð fyrir áverkanum í slysinu 19. nóvember 2017. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda að stefnandi hafi ekki kennt sér meins fyrir slysið, en verið með stanslaus óþægindi síðan. Þá liggur fyrir að það greindist flíparifa í innanverðum vinstri liðþófa sem að öllum líkindum er tilkomin vegna snúningsáverka og varð tilefni til

speglunaraðgerðar. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að meta liðþófaáverkann til miska og örorku.

57. Matsmennirnir B og C mátu miska stefnanda til 5 stiga en varanlega örorku 7%. Örorkunefnd komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að miskinn væri 7 stig og varanlega örorkan 20%. Aðspurður í fyrirtöku kvað matslæknir örorkunefndar, E, að nefndin hefði komist að þeirri niðurstöðu að veita 2 miskastig umfram þau 5 sem liðþófaskemmdin gerði ráð fyrir vegna slitsins. Ákvörðun nefndarinnar byggðist á því að aukastigin kæmu til með að bæta upp fyrir einkenni vegna slitgigtarinnar. Hann ítrekaði að stefnandi hefði aldrei kennt sér meins í hnénu fyrir slysið, þó svo að slitbreytingarnar hefðu örugglega verið til staðar þegar slysið átti sér stað. Með hliðsjón af þeirri staðreynd að engin einkenni voru til staðar frá vinstra hnénu fyrir slysið fellst dómurinn á röksemdafærslu örorkunefndar hvað miskann varðar.
58. Hvað varðar niðurstöðu örorkunefndar um 20% varanlega örorku verður til þess litið sem fram kom í skýrslum nefndarmanna örorkunefndar, þeirra D [...] og E bæklunarlæknis, fyrir dómi. Þá sérstaklega þess að við mat á varanlegri örorku stefnanda hefði verið horft til þess sérstaklega að stefnandi hefði verið sjómaður frá 17 ára aldri og ekki starfað við annað fram að slysi. Hann hefði slasast á hné við störf sín á sjó og ekki fundið fyrir neinum einkennum meins í hnénu fyrir þann tíma. Vegna slyssins hefði hann ekki lengur átt möguleika á því að vera til sjós, og hefði slysið ekki orðið líklega haldið áfram á sjó, þó einkenni slits í hné hefðu mögulega komið fram síðar. Stefnandi hefði reynt að vera á sjó í fjögur ár eftir slysið en gefist upp á því. Þá þyrfti að taka tillit til þess að stefnandi hefði starfað sem [...], og í því starfi þyrfti að standa löngum stundum á vöktum. Þá kom og fram að læknar nefndarinnar hefðu báðir gert ítarlega skoðun á stefnanda. Að framansögðu virtu er það álit dómsins að ekki séu forsendur til annars en að leggja álit nefndarinnar til grundvallar.
59. Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur með málsaðilum verður dómkrafa stefnanda tekin til greina eins og nánar greinir í dómSORði.
60. Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Heiður Heimisdóttir lögmaður fyrir stefnda.
61. Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari, sem er dómsformaður, kveður upp dóm þennan, ásamt Daða Kristjánssyni héraðsdómara og Brynjólfi Y. Jónssyni bæklunarlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 12.729.298 krónur með 4,5% vöxtum frá 28. ágúst 2020 til 24. maí 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.